

REGLUR

Háskólans á Hólum um gjaldskrá vegna þjónustu við nemendur og innheimtu og ráðstöfun innritunargjalda.

1. gr.

Almennt.

Samkvæmt 24. gr. laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008, er Háskólanum á Hólum heimilt að afla sér tekna til viðbótar við framlög á fjárlögum. Háskólaráð skólans hefur sett nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda sem hér segir.

2. gr.

Innritunargjald.

Eindagi innritunargjalds fyrir skólaárið er 10. júlí. Eindagi innritunargjalds á vormisseri er 6. janúar. Innritunargjald er óafturkræft.

Innritunargjald:

Innritunargjald	100.000 kr.
Innritunargjald – nýskráning á vormisseri	75.000 kr.
Innritunargjald – gestanemandi á samningi	15.000 kr.
Innritunargjald – gestanemandi án samnings	30.000 kr.
Innritunargjald – í leyfi	15.000 kr.
Innritunargjald – úr leyfi	85.000 kr.

Lagt er 15% álag á innritunargjald sé það greitt utan auglýsts greiðslutímabils.

Öryrkjar fá 25% afslátt af innritunargjaldi.

3. gr.

Gjöld fyrir útgáfu vottorða, fyrirlögn og yfirferð stöðu-, inntöku- og fjarprófa.

Afrit skirteina:

Afrit brautskráningarskirteinis	350 kr.
Námsferilsyfirlit	350 kr.
Vottorð	350 kr.
Staðfesting á skirteini	350 kr.
Afrit af gögnum eldri en frá árinu 2007	5.000 kr.

Próftökugjald:

Endurtökupróf	6.000 kr.
Verklegt endurtökupróf á hesti	10.000 kr.

Verknámsgjald:

Verknámsgjald fiskeldis, innanlands	50.000 kr.
Verknámsgjald fiskeldis, erlendis	180.000 kr.

Við brautskráningu fá nemendur afhent brautskráningarskírteini, brautskráningaryfirlit á íslensku og ensku, og skírteinisviðauka á ensku, endurgjaldslaust.

Verknámsgjald miðast við að það standi straum af ferðakostnaði umsjónarmanns námskeiðsins.

4. gr.

Gjöld fyrir aðra þjónustu sem háskólinn innheimtir sérstaklega fyrir.

Þjónusta fyrir nemendahesta, hestafræðideild:

Nemendahestur – mánaðargjald ¹	20.000 kr.
---	------------

Námsráðgjöf:

Hugræn atferlismeðferð ²	6.000 kr.
-------------------------------------	-----------

Þjónustugjöld³:

Útprintun, blaðsíða í svarthvítu	25 kr.
Útprintun, blaðsíða í lit	50 kr.
Ljósrit	25 kr.
Ljósrit, báðum megin	30 kr.
Ljósrit, á löggiltan skjalapappír	125 kr.
Plöstun	80 kr.
Gormur og glæra	250 kr.

¹ Nemendur greiða kostnaðarverð fyrir fóður og undirburð fyrir eigin hesta í hesthúsinu á Hólum.

² Háskólinn býður nemendum upp á sértæk námskeið tengd námsráðgjöf í hugrænni atferlismeðferð. Greiðsla er staðfestingargjald fyrir þátttöku í námskeiðinu.

³ Nemendur greiða fyrir áætlaðan efnis- og rekstrarkostnað af þjónustu við printun og ljósritun.

5. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglur þessar eru settar með stoð í 24. gr. laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008, og taka þegar gildi. Jafnframt falla brott reglur sama efnis nr. 898/2021.

Háskólanum á Hólum, 30. mars 2026.

Hólmfríður Sveinsdóttir rektor.